

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 7/2021-2022

Kærandi: Jón Ósmann Arason og f.h. ólögráða sonar síns.

Kærðu: DV, Björn Þorfinnsson ritstjóri og Heimir Hannesson blaðamaður.

Kæruefni:

Kvartað er yfir frétt DV þann 8. september 2021 þar sem fjallað var um aðkomu Jakobs Frímanns Magnússonar að svokölluðu liprunarbréfi sem fengið var vegna ferðalags sonar kæranda og í kjölfarið yfirlýsinga ritstjóra DV og fréttastjóra vegna samskipta við kæranda og son hans, sem kærandi telur mjög alvarlegt brot á siðareglum. Einnig kvartar kærandi yfir tilkynningu annars blaðamanns DV til Barnaverndar Reykjavíkur. Telur kærandi að kærðu hafi brotið ítrekað gegn 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Málsmeðferð:

Kærðan barst skrifstofu Blaðamannafélagsins með bréfi dagsettu 4. október 2021. Óskað var eftir andsvörum kærðu þann 2. nóvember og bárust þau 14. og 15. nóvember. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum 2. og 30. nóvember og 14. desember.

Málavextir:

Kærandi sakar miðilinn DV um brot gegn 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands fyrir að hafa þann 8. september 2021 birt frétt undir fyrirsögninni „Jakob Frímann sakaður um að beita blekkingum til að koma barni úr landi“. Einnig að hafa brotið gegn greinunum með yfirlýsingu ritstjóra DV, Björns Þorfinnssonar, og blaðamannsins Erlu Hlynsdóttur, þann 17. september undir fyrirsögninni „Yfirlýsing DV: Beittu barni til að stöðva frétt“ og þann 21. september undir fyrirsögninni „Lokayfirlýsing DV: Faðir sem opinberar barnið sitt“. Í kærunni eru talðar upp margar ástæður þess að kærandi telur miðilinn hafa brotið siðareglur. Kærðu hafna því að hafa brotið gegn siðareglum.

Umfjöllun:

Í frétt DV frá 8. september er fjallað um hið svokallaða liprunarbréf sem Jakob Frímann sótti um fyrir hönd kæranda. Fréttin snerist um aðkomu Jakobs að málín, ekki kærendur sem hvergi voru nafngreindir, sem síðar leiddi til þess að utanríkisráðuneytið afturkallaði bréfið, hið eina sem fékk slíka meðferð, og baðst afsökunar á vinnubrögðum sínum. Skoðun móður á málín er

tiltekin og telst slíkt ekki brot á siðareglum samkvæmt mati siðanefndar. Það er mat Siðanefndar að málið sem slíkt, í ljósi þeirrar stjórnsýslumeðferðar sem það hlaut, með afturköllun og afsökunarbeiðni af hálfu ráðuneytisins, hafi átt erindi til almennings og verið nægilega vandað til verka í framsetningu og úrvinnslu. Telst kærandi ekki hafa sýnt fram á rangfærslur í fréttinni með óyggjandi hætti og því ekki þörf á að miðillinn bregðist við beiðnum um leiðréttigar.

Siðanefnd fjallar ekki um yfirlýsingar ritstjóra og fréttastjóra DV, þær eru skoðanagreinar, svokallað ritstjórnarefnir, og falla utan gildissviðs siðareglna.

Hvað varðar tilkynningu blaðamannsins Heimis Hannessonar um málið til Barnaverndar Reykjavíkur fellur slíkt utan verksviðs Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands og er því þeim hluta kærunnar vísað frá.

Úrskurður:

Kærðu, DV og ritstjórinn Björn Þorfinnsson, teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Käru gegn Heimi Hannessyni er vísað frá.


Reykjavík 14. desember 2021



Friðrik Þór Guðmundsson




Ásgeir Þór Árnason



Fanney Birna Jónsdóttir



Þórdís Helgadóttir



Jóhannes Tómasson